

Fimmtudaginn 24. febrúar 1994.

Nr. 455/1993.

**Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Anthony Lee Bellere**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Þjófnaður. Ítrekun. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, en af hálfu ákærvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 3. nóvember 1993 til þyngingar á refsingu. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti krafðist sækjandi staðfestingar héraðsdóms.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

**D ó m s o r ð :**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Anthony Lee Bellere, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

**S é r a t k v æ ð i**

**Péturs Kr. Hafstein**

Ég er samþykkur sakarmati meiri hluta dómsins.

Þau brot, er mál þetta varðar, eru ekki stórfelld. Ákærði á hins vegar að baki sér langan brotaferil, eins og rakið er í héraðsdómi. Því er rétt að auka svo við hegningu hans sem svigrúm er til sam-

kvæmt 72. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hliðsjón af þessu og öllum atvikum tel ég refsingu ákærða nú ekki eiga að vera þyngri en 12 mánaða fangelsi.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. október 1993.**

Ár 1993, þriðjudaginn 19. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni, héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 413/1993: Ákærvaldið gegn Anthony Lee Bellere, sem tekið var til dóms 1. október sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. ágúst sl., á hendur ákærða, Anthony Lee Bellere, Bárugötu 22, Reykjavík, fæddum 3. september 1966, fæðingarnúmer 538, „fyrir eftirgreind brot, framin í Reykjavík:

- 1) Fyrir þjófnað með því að hafa að morgni laugardagsins 12. júní 1993 brotist inn í hús nr. 1 við Grandagarð og stolið þaðan skjalatösku, ritvél og útvarpstæki.
- 2) Fyrir þjófnað með því að hafa miðvikudaginn 16. eða fimmtudaginn 17. júní 1993 í félagi við 3-4 ónafngreinda menn brotist inn í Freyjubúðina, Freyjugötu nr. 27, og stolið þaðan kveikjurum, vindlingum, sælgæti og skiptimynt, samtals að fjárhæð 15.000 krónur.
- 3) Fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 3. júlí 1993 brotist inn í veitingahúsið Gullið við Austurstræti og stolið þaðan leðurjakka, stökum jakka, gallajakka, 24 flöskum af sterku áfengi, 4 gosflöskum, 25 flöskum af bjór, 157 geisladiskum, magnara, geislaspilara, geisladiskahreinsara, síma og um það bil 8-9.000 krónum í peningum.
- 4) Fyrir tilraun til þjófnaðar með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 4. júlí 1993 í þjófnaðarskyni reynt að brjótast inn á sama stað.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en liður 4 jafnframt við 20. gr. þeirra laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

*Málavextir.*

*Ákæruliður 1.*

Laugardaginn 12. júní sl. kl. 07.47 var lögreglu tilkynnt um innbrot í skrifstofuhúsnæði við Grandagarð 1 hér í borg. Tilkynnandi, Árni Maríusson, kt. 300745-3939, saknaði lítils útvarpstækis og þá var búið að bera svarta skjalatösku og ritvél út á vinnupalla fyrir utan húsið. Skýrði tilkynnandi svo frá, að hann hefði orðið var mannaferða í skrifstofuhúsnæði sínu og kvaðst

hann hafa farið norður fyrir húsið og ætlað að grípa manninn þar, þegar hann kæmi út um glugga. Tilkynnandi kom boðum til lögreglu og fjarlægð stiga, sem reistur var við vinnupalla við húsið. Kvað tilkynnandi mann hafa komið út á pallinn og kvaðst hann hafa tekið nokkrar myndir af manningnum, sem hímdi uppi á vinnupallinum. Maðurinn komst hins vegar undan áður en lögreglan kom á vettvang, en grunur beindist að því að ákærði hefði verið þarna að verki. Tilkynnandi afhenti lögreglu filmu með myndum af manningnum, en myndir þessar fylgdu ekki rannsóknargögnum málsins.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann kannaðist við að hafa stolið áðurgreindu útvarpstæki, eins og rakið er í þessum lið ákærunnar. Ákærði neitaði því að hafa stolið skjalatösku og ritvél. Hann kvaðst hafa tekið þessa hluti og farið með þá út á vinnupall fyrir utan húsið en ákærði kvaðst ekki geta skýrt hvers vegna hann hefði gert það. Ákærði kvaðst hafa reynt að bera hluti þessa niður en kvaðst hafa hætt við sökum ölvunar og ætlað að bera hlutina inn aftur en kvaðst hafa þurft að hætta við sökum þess að maður kastaði grjóti að sér.

Lögreglumennirnir Anna Elísabet Ólafsdóttir, Gunnar Jónasson og Gylfi Gylfason komu fyrir dóm og gáfu skýrslu vegna þessa ákæruleiðar.

#### *Niðurstaða.*

Ákærði hefur kannast við að hafa farið inn í ofangreint skrifstofuhúsnæði og stolið þaðan útvarpstæki. Ákærði hefur hins vegar neitað því að hafa stolið skjalatösku og ritvél, en hefur viðurkennt að hafa fært þessa hluti út á vinnupall fyrir utan skrifstofuhúsnæðið. Ákærði hefur engar haldbærar skýringar getað gefið á því í hvaða tilgangi þetta var gert. Eins og mál þetta er vaxið þykir ákærði með þessari háttsemi sinni hafa gerst sekur um þjófnað, og var brot hans fullframið, þegar hann færði áðurgreinda muni út á vinnupallinn.

#### *Ákæruleiður 2.*

Fimmtudaginn 17. júní sl. kl. 14.14 var lögreglu tilkynnt um innbrot í Freyjubúðina, Freyjugötu 27 hér í borg. Tilkynnandi tjáði lögreglu að stolið hefði verið tóbaki og sælgæti svo og skiptimynt úr afgreiðslukassa.

Hinn 4. júlí sl. var framkvæmd húsleit í herbergi ákærða að Bárugötu 22 og fundust þá m.a. 13 kveikjarar, merktir Freyjubúðinni. Ákærði var yfirheyrður hjá RLR þann 12. júlí sl. og viðurkenndi þá aðild sína að innbroti í umrædda verslun. Kvaðst ákærði hafa verið þarna á ferð með 3-4 öðrum karlmönnum, sem hann vissi ekki deili á. Kvaðst ákærði hafa tekið kveikjara, en hinir hefðu tekið sælgæti, mat og skiptimynt. Ákærði tók fram að hann myndi lítið eftir þessu sökum ölvunar.

Ákærði skýrði hins vegar svo frá fyrir dómi, að hann neitaði því að hafa brotist inn í Freyjubúðina.

Ákærði kvaðst hafa gefið skýrslu þann 4. júlí sl. í Síðumúlafangelsi, þar sem ákærði kvaðst hafa viðurkennt umrætt innbrot, en skýrsla þessi var ekki meðal málgagna. Ákærði kvað skýringuna vera þá að hann var illa fyrirallaður vegna áfengisneyslu og vildi losna sem fyrst.

Þá kannaðist ákærði við að hafa viðurkennt aðild sína að innbrotinu í skýrslutöku 12. júlí sl., en tók fram, að sér hefði verið 4. júlí sl. gefið í skyn að hann yrði beittur innilokun ef hann breytti framburði sínum.

Aðspurður um skýringar á því, hvers vegna kveikjarar merktir Freyjubúðinni fundust í herbergi hans við húsleit, kvað ákærði skýringuna vera þá, að hann hefði dálæti á öllum merktum hlutum, og kvaðst hann safna þeim. Ákærði kvaðst hafa fundið kveikjara þessa í einhverju samkvæmi þann 16. eða 17. júní sl. og kvaðst hafa tekið þá með sér.

Vitnið Gylfi Gylfason rannsóknarlögreglumadur, kt. 280164-3999, skýrði svo frá fyrir dómi, að það kannaðist við, að yfirlitsskýrsla hefði verið gerð 4/7 sl., en vitnið kvaðst ekki hafa gert þá skýrslu, heldur Guðni Sigurbjarnarson. Vitnið kvaðst hafa lesið þessa skýrslu yfir, en hún hefði ekki legið frammi, er vitnið yfirheyrði ákærða 12. júlí sl., að því er vitnið minnti. Vitnið kvað, að yfirheyrslan 12/7 hefði verið eðlileg, það hefði ekki þurft að ganga á ákærða og hann verið samvinnuþýður. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort talað var um haldlagningu á þýfi í þessari skýrslutöku.

#### *Niðurstaða.*

Ákærði hefur fyrir dómi viljað hverfa frá játningu sinni um ofangreint innbrot. Hefur ákærði gefið þá skýringu, að hann hafi verið illa fyrirallaður vegna áfengisneyslu er hann gaf skýrslu hjá RLR þann 4. júlí sl., og hann hafi síðan staðfest játningu sína 12. júlí sl., sökum þess að honum var gefið í skyn 4. júlí sl. að hann yrði beittur innilokun ef hann breytti framburði sínum. Ekkert er fram komið í máli þessu, er bendir til þess, að ákærði hafi verið beittur þrýstingi, er hann játaði innbrotið. Þá eru skýringar þær, sem ákærði gaf fyrir dómi um breyttan framburð, ótrúverðugar, sérstaklega í ljósi þess, að ákærði viðurkendi innbrotið við yfirheyrslur hjá RLR tvívegis á nokkrum dögum. Einnig ber að líta til þess að kveikjarar merktir Freyjubúðinni fundust við húsleit heima hjá ákærða, en skýring ákærða fyrir dómi um það, að hann hafi fundið þá í samkvæmi, er ótrúverðug.

Samkvæmt framansögðu ber að hafna breyttum framburði ákærða, og telst því sannað, að ákærði hafi gerst sekur um innbrot í Freyjubúðina, en ekki verður talið sannað, að ákærði hafi stolið öðru en umræddum kveikjorum. Er brot ákærða rétt fært til refsíákvæðis í ákæruskjali.

*Ákæruliður 3.*

Málavöxtum vegna þessa ákæruliðar er nægilega lýst í ákæruskjali.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa brotist inn í veitingahúsið Gullið og stolið þar ýmsum munum, en vildi þó ekki fullyrða, að það hafi verið þeir munir er upp eru taldir í ákæruskjali.

Vegna þessa kom fyrir dóminn sem vitni Kristján Friðþjófsson rannsóknar-lögreglumaður, kt. 040351-4779, og skýrði svo frá, að það kannaðist við að hafa haft afskipti af máli er varðaði innbrot í veitingahúsið Gullið og kvaðst vitnið hafa farið á vettvang. Vitnið kvað að þýfið hefði fundist í plastöskutunnu. Borin var undir vitnið skýrsla, þar sem innihald tunnunnar er skráð og staðfesti vitnið efni skýrslunnar og undirskrift sína undir hana.

Uptalning í ákæruskjali á þýfi úr innbrotinu er í samræmi við ofangreinda skýrslu vitnisins.

Samkvæmt upplýsingum frá veitingahúsinu Gullinu nam verðmæti þýfisins um kr. 500.000.

*Niðurstæða.*

Með játningu ákærða að hluta og með hliðsjón af framangreindri skýrslu vitnisins Kristjáns sem og öðrum gögnum málsins telst því sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í þessum lið ákæru og þar þykir rétt færð til refsíákvæðis.

*Ákæruliður 4.*

Málavöxtum vegna þessa ákæruliðar er nægilega lýst í ákæru.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað að hann hafi framið brot það, sem honum er gefið að sök í þessum ákærulið og réttilega er fært til refsíákvæðis í ákæru.

*Sakaferill, viðurlög.*

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1984 hlotið 17 refsí-dóma, aðallega fyrir hegningarlagabrot, og nemur samanlögð óskilorðsbundin refsivist hans nú 7 árum og 7 mánuðum. Síðast hlaut ákærði dóm 29. mars sl., 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnaðartilraun.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður höfð hliðsjón af ákvæðum 72. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga.

Þykir refsing ákærða með hliðsjón af öllu framansögðu hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., 40.000 krónur.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Anthony Lee Bellere, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., 40.000 krónur.

---